

Norðurþing
Gaukur Hjartarson,
skipulags- og byggingarfulltrúi
Ketilsbraut 9
640 Húsavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. júlí 2013
Tilvísun: UST20130700054/bs

Deiliskipulag - Kvíaeldisstöð Rifóss að Lóni í Kelduhverfi. Umsögn

Vísað er til bréfs Norðurþings dags. 4. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreint deiliskipulag.

Deiliskipulag þetta nær til núverandi og fyrirhugaðrar starfsemi við Rifós. Heimilt verður að koma fyrir fjórum staðsteyptum fiskeldiskerjum, hvert um sig 500 m³ að rúmtaki.

Í umhverfisskýrslu er lögð áhersla á eftirfarandi umhverfisþætti: Landslag, Heilsa og öryggi, náttúrufarslega þætti.


Sjónræn áhrif deiliskipulags eru talin óveruleg, þar sem fyrir á svæðinu eru byggingar aðrar en fyrirhuguð eldisker á landi. Talið er að skilyrði í gildandi starfsleyfi taki til þeirra þátta í rekstri stöðvarinnar sem valdið geti mengun. Talið er að ef nýjum kerjum verði komið fyrir á landi muni líffræðilegt álag á lónið minnka að sama skapi. Aukin vatnstaka samfara eldi á landi er ekki talin hafa neikvæð umhverfisáhrif á grunnvatn.


Meginhluti deiliskipulagssvæðis er innan svæðis nr.532 á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umrætt deiliskipulag muni hafa neikvæð áhrif á náttúruverndargildi svæðisins umfram þau áhrif sem núverandi rekstur kann að hafa.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrætt deiliskipulag muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun telur að kanna eigi hvort breyting á framleiðsluháttum kalli á endurnýjun starfsleyfis, sbr. grein 1.4 í gildandi starfsleyfi.

Virðingarfyllst

Gunnlaug H. Einarsdóttir


Björn Stefánsson
sérfræðingur